



Byggðasafn Dalamanna

Starfsemi 2014

Stjórn safnsins

Samkvæmt stjórnskipun sveitarfélagsins Dalabyggðar fer Menningar- og ferðamálanefnd með málefni Byggðasafns Dalamanna.

Í ársbyrjun skipuðu nefndina Jón Egill Jóhannsson á Skerðingsstöðum formaður, Halla Sigríður Steinólfsdóttir í Ytri-Fagradal, Ólafur Skagfjörð Gunnarsson í Þurranesi, Eyjólfur Ingvi Bjarnason í Ásgarði og Rebecca C. K. Ostenfeld í Hólum.

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga var kosin ný menningar- og ferðamálanefnd. Í nefndina voru skipað Jón Egill Jóhannsson á Skerðingsstöðum formaður, Ólafur Skagfjörð Gunnarsson í Þurranesi, Sigrún Hanna Sigurðardóttir í Búðardal, Sigurður Bjarni Gilbertsson í Búðardal og Valdís Gunnarsdóttir í Búðardal. Í varastjórn eru Jóhanna Sigrún Árnadóttir á Stóra-Vatnshorni, Helga Elínborg Guðmundsdóttir á Erpsstöðum, Halla Sigríður Steinólfsdóttir í Ytri-Fagradal, Eyjólfur Ingvi Bjarnason í Ásgarði og Rebecca C. K. Ostenfeld í Hólum.

Starfsfólk og sjálfbóðaliðar

Safnvörður í 50% starfshlutfalli er Valdís Einarsdóttir safnastjóri Dalabyggðar. Safnastjóri er jafnframt í 25% starfshlutfalli sem héraðsskjalavörður og 10%-25% starfshlutfall hjá sveitarfélaginu Dalabyggð við ýmis sérverkefni, vefstjórn og fleira.

Um eftirlit og minna viðhald sá Viðar Þór Ólafsson verkstjóri Dalabyggðar. Um endurbætur á húsnæði safnsins sá Svavar Garðarsson.

Sjálfbóðaliðar við endurbætur á safni og sýningum voru Svavar Garðarsson og Sigríður Ósk Jónsdóttir. Sjálfbóðaliðar í sumaropnun voru Sigríður Ósk Jónsdóttir, Sigurdís Katla Jónsdóttir og Svanborg Þuríður Einarsdóttir. Og sem fyrri ár var Arndís Erla Ólafsdóttir í Ásgarði safninu innan handar um ýmislegt.

Stofnskrá og stefnumörkun

Gengið var frá stofnskrá, söfnunarstefnu, sýningarstefnu, áhættumati og neyðaráætlunum árið 2013 í tengslum við umsókn um viðurkenningu safna.

Safnið fékk höfnun á viðurkenningu, þar sem of stór hluti tekna kemur úr Safnasjóði. Eftir að gengið var frá ársreikningi og ársskýrslu 2013 var sótt um að nýju og fékk safnið þá viðurkenningu.

Árið 2014 var hugað að gerð fræðslu- og rannsóknarstefnu fyrir safnið og verður áfram unnið að þeim verkefnum næsta ár.

Safnkostur og skráningar

Skráðir munir í Sarp í árslok voru 1657, 976 ljósmyndir og 37 bækur. Nær allar ljósmyndir eru birtar á opnum vef og búið er að setja inn myndir við 275 muni. Skráðar voru ljósmyndir afhentar 2014 og byrjað að undirbúa skráningu á tveimur stærri ljósmyndasöfnum. Haldið var áfram að yfirfara eldri skráningar og bætt við um 100 ljósmyndum af munum í Sarp.



Ekki er til nákvæm skrá yfir fjölda óskráðra muna í Sarp, en áætlað er að það séu um 400 munir og 300 ljósmyndir. Unnið hefur verið að undirbúningi að skráningu þessara muna og ljósmynda í Sarp, en skráningar aðfanga í safnið hefur verið misjöfn og því erfitt að gera sér grein fyrir heildarfjölda, þar til skráningu í Sarp er lokið eða langt komin. Samkvæmt áætlun skal því verki verið lokið árið 2016.

Í aðfangabók eru skráðar 23 afhendingar muna og 5 afhendingar ljósmynda. Ekki er búið að ítarskrá allar afhendingar og fjöldi muna því ekki á hreinu, en eru um 100. Ljósmyndir eru skráðar 43, auk teikninga.

Afhendingar 2014

Munir

- 2014-1 Byggðasafn Skagfirðinga; tvenn gleraugu og pennastokkur
- 2014-2 Kvenfélagið Fjóla; spunavél
- 2014-3 Svavar Garðarsson; Rafha eldavél, póstpoki, hilla, stólar ofl.
- 2014-4 Gestur Gestsson; verkfæri og munir frá Nýp á Skarðsströnd
- 2014-5 Valgerður Lárusdóttir; póstpoki, glerflaska, aktygi
- 2014-6 Ingiberg Benediktsson; ferðataska ofl. frá Stóra-Múla
- 2014-7 Arndís Erla Ólafsdóttir; klossar, leirtau ofl. tengt Ásgarði, masterlykill Laugaskóla
- 2014-8 Sólveig Þórðardóttir; trefill, hrífubútur og bók.
- 2014-9 Erla Kristín Ásgeirsdóttir; leikfangasaumavél
- 2014-10 Gunnar Jónasson; púlt frá Sparisjóði Dalasýslu, útskorinn rammi, slifs og svunta
- 2014-11 Sigríður Sveinsdóttir; handverk eftir Kolsstaðasystkinin (Sveinsbörn)
- 2014-12 Fjóla Guðmundsdóttir; stafaprufa frá 1884 gerð af Margréti Guðmundsdóttur á Hellu
- 2014-13 Gylfi Hallgrímsson; myndavél Guðmundar Jónssonar í Ljárskógum
- 2014-14 Huldís Ásgeirsdóttir; gler úr útidyrhurð á Hótel Bjarg
- 2014-15 Sigurbjörg Jóhanna Þórðardóttir; munir tengdir Breiðabólstað á Fellsströnd
- 2014-16 Ólafur Pétursson; skógarklippur frá Stóru-Tungu/Galtartungu
- 2014-17 Hilmar Bjartmarz; hnakktaska og hnakkpúta
- 2014-18 Guðrún Jóhannesdóttir; taupoki og vettlingar gert af Ingibjörgu Sveindóttir frá Kolsstöðum
- 2014-19 Ástvaldur Jóhannsson; ferðataska smíðuð á Laugaskóla
- 2014-20 Steinólfsbörn; púðurhorn, lak ofl.
- 2014-21 Guðrún Ágústsdóttir; altarisdúkur, fáni og dúkar úr Stóra-Vatnshornskirkju
- 2014-22 Lárus Jóhannesson; bensínprímus lítill
- 2014-23 Ebba Unnsteinsdóttir; uppstoppaður refur

Ljósmyndir

- 2014-1 Gestur Gestsson; ljósmyndir frá Nýp á Skarðsströnd
- 2014-2 Elín Sigurðardóttir; ljósmyndir Brynjólfs Magnússonar frá Ljárskógum
- 2014-3 Huldís Ásgeirsdóttir; ljósmyndir frá Hótel Bjargi
- 2014-4 Ástvaldur Jóhannsson; fyrsta sveitarstjórn Dalabyggðar 1994
- 2014-5 Dætur Jóns Samsonarsonar; ljósmyndir af teikningum og ein ljósmynd

Húsnæði

Unnið var að endurbótum á húsnæði safnsins í mars og apríl. Gert var við skemmdir í gólfi og um 70 m² málaðir. Tekið var niður þil framan við baðstofurými og samhliða því þurfti að flytja stýringu á loftræstingu. Lokað var fyrir eldra hurðarop og lengdur veggur framan við inngang á safnið. Lagfærður var inngangur inn í annan lagnaganginn, sem notaður verður sem geymslu fyrir safnið. Málaðir voru og nokkrir veggir á safninu. Auk þessa voru aðrar smávægilegar viðgerðir hér og þar um safnið.

Þrátt fyrir miklar endurbætur á húsnæði safnsins frá 2010 er mikið ógert og sumt ekki einfalt mál að leysa. Enn liggja vatnslagnir í lofti safnsins, bæði heitt og kalt vatn. Engin sérstök salernisaðstaða er fyrir gesti



safnsins. Ekki er sérstök aðkoma eða inngangur að safninu, heldur er aðgengi háð annarri starfsemi í byggingunum og tröppur niður í kjallara virka lítt aðlaðandi fyrir gesti safnsins.

Sýningar og önnur miðlun

Samfara endurbótum á húsnæðinu voru sýningar endurskipulagðar. Gengið frá sýningarrými með "nú tíma" eldhúsinu frá grunni og grunnurinn að sýningunni settur upp. Kirkjumunir voru færðir og sú sýning endurskipulögð. Rýmkað var um og endurskipulagðar sýningar tengdar smíðum. Munir tengdir Búnaðarskólanum í Ólafsdal voru fluttir í það sýningarrými. Rýmkað var um og endurskipulagðar sýningar tengdar tóvinnu, vefnaði, saumum. Munir tengdir húsmæðraskólanum á Staðarfelli voru fluttir í það sýningarrými. Lagfært var í kringum sýningu við Purkeyjarbátinn og hlunnindanýtingu. Sýning framan við skrifstofu safnvarðar var og lagfærð. Eftir er að lagfæra þessar sýningar, fínþússa og bæta merkingar. En er eftir að setja upp sýningar tengdar verslunarminjum, lækningum, skólum ofl. Í tengslum við listsýninguna Dalir og Hóla voru sýnd fjögur verk eftir Gerd Tinglum rektor Listaháskólans í Bergen.

Örsýningar voru á Hótel Eddu í tveimur sýningaskápum og veggteppi. Einnig voru sýningar á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni í tveimur sýningaborðum. Í tengslum við viðburði voru settar upp þrjár tímabundnar sýningar um vesturfara, Hestamannafélagið Glað og Laugaskóla.

Miðlun á ljósmyndasafni fer að mestu í gegnum Sarp, auk þess vakin er athygli á einstaka myndum og munum á sameiginlegri facebook síðu Byggðasafns Dalamanna og Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Þá eru þar og birtar örsögur og kveðskapur úr Dölum.

Viðburðir

Í sumarlok hófust sögustundir á safninu, síðdegis á sunnudögum. Um er að ræða nýtt verkefni á vegum safnsins, þar sem sagðar eru sögur og fróðleikur úr héraði og aðrar upptakur.

24.4 Safnadagur á Vesturlandi

Sameiginlegur safnadagur á Vesturlandi var haldinn sumardaginn fyrsta í samstarfi safna, sýninga og setra á Vesturlandi. Einnig var opið á Eiríksstöðum og í Leifsbúð, en Ólafsdalur datt út á síðustu stundu vegna rafmagnsbilunar.

31.8 Verslun í Skarðsstöð á Skarðsströnd - Valdís Einarsdóttir

Skarðsstöð var fyrsti löggilti verslunarstaðurinn í Dalasýslu, þann 1. apríl 1884. Verslunarsaga Skarðsstöðvar er um margt athyglisverð og á sér langa sögu, líklega allt frá landnámi fram yfir 1960.

28.9 Abraham hin haukdælski - Valdís Einarsdóttir.

Sannar og lognar sögur af Abraham Sveinssyni (1730-1793) úr Haukadalnum. Hann var uppi á 18. öld og ef allar sögur af eru sannar var hann sauðþjófur, stigamaður, útilegumaður, draugur, hreppstjóri og sitthvað fleira.

12.10 Vesturfara - Valdís Einarsdóttir

Sagt frá lífi og örlögum Bergþórs, Jónasar, Halls, Þjóðhildar, Jóhönnu, Þorbergs og Þórarins Þorvarðarbarna frá Leikskálum sem fluttu til Vesturheims í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar.

26.10 Sýslu-Helga - Valdís Einarsdóttir

Helga Agnesardóttir (1751-1834) fæddist á Laxárdalsheiði, dóttir förukonu og ófeðruð. Hún endaði á framfæri allra hreppa sýslunnar, gerðist förukona, eignaðist nokkur börn og átti í útstöðum við Magnús Ketilsson sýslumann. Einnig sagt frá börnum hennar og afkomendum.



9.11 **Norræni skjaladagurinn** - Héraðsskjalasafn Dalasýslu

Yfirskrift skjaladagsins var „Vesturfara“. Fjallað var um fyrstu kynslóð Dalamanna í Vesturheimi. Meðal annars velt fyrir sér hverjir fóru, hvers vegna, ferðinni vestur um haf, hverjir komu til baka, en ekki síst lífi og aðstæðum þeirra þegar vestur var komið.

15.11 **Hestamannafélagið Glaður** - örsýning

Í tengslum við árhátíð hestamannafélaga á Vesturlandi, sem haldin var á Laugum, var sett upp sýning á munum, skjölum og ljósmyndum í eigu Hestamannafélagsins Glaðs, Héraðsskjalasafns Dalasýslu og Byggðasafns Dalamanna.

23.11 **Reisur Árna frá Geitastekk** - Valdís Einarsdóttir

Árna Magnússyni bónda frá Geitastekk í Hörðudal. Árið 1753, þá 27 ára gamall, fór Árni til Danmerkur og þaðan lá leið hans víða um heim. Hann fór meðal annars til Kína og var talinn víðförlastur Íslendinga á þeim tíma.

7.12 **Laugaskóli** - sýning og spjall

Sýning og spjall um Laugaskóla í tilefni 70 ár voru frá því að fyrstu nemendurnir komu í skólann, 7. desember 1944. Sýning á ljósmyndum, skólabókum og fleiri munum frá Laugaskóla.

21.12 **Jólastund** - Fjölskyldan Skerðingsstöðum

Leitað var eftir ummerkjum á safninu um heimsóknir jólasveinanna undanfarna daga. Sigurdís Katla og Ólafur Oddur fluttu jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum og í baðstofunni skiptust gestir á sögum tengdum jólnum og jólahefðum.

Þá mætti safnvörður sem fyrr á spjall hjá Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólasveit og á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni þegar þess var óskað.

Sturla Þórðarson - Sturluþing

Í nefnd um Sturlu Þórðarson árið 2014 störfuðu Svavar Gestsson formaður, Sumarliði Ísleifsson, Sigurður Þórólfsson, Ingveldur Guðmundsdóttir og Halla Sigríður Steinólfsdóttir. Auk þess störfuðu nokkuð með nefndinni Sveinn Pálsson og Eyjólfur Ingvi Bjarnason. Samstarf var við Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og fleiri.

Sturluhátíð var haldin 27. júlí 2014 í Tjarnarlundi í Saurbæ. Um 200 manns sóttu hátíðina, heimamenn, ferðamenn, fræðimenn og aðrir gestir. Heiðurgestur hátíðarinnar var Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti og auk hennar mættu forsetar Alþingis og norska Stórþingsins.

Fyrirlestra og ávörp héldu Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Einar Kárason rithöfundur, Guðrún Nordal forstöðumaður Árnastofnunar, Einar K. Guðfinnsson forseti Alþingis, Olemic Thommessen forseti norska Stórþingsins, Sigurður Þórólfsson bóndi, Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur og Halla Sigríður Steinólfsdóttir bóndi. Í lokin var farin ferð að Staðarhóli undir leiðsögn Magnúsar A. Sigurðssonar fornleifafræðings.

Í lokin skilaði undirbúningsnefndin skýrslu um störf sín og stefnumótun að frekara samstarfi. Framundan er (með fyrirvara um fjármögnun) skólaverkefni á Vesturlandi í samstarfi við Árnastofnun og fleiri. Skipuleggja viðburði/ferðir sumarið 2015 fyrir ferðamenn. Og ekki síst langtímaverkefnið stofnun Sturluseturs/stofu.

Ávinningur af verkefninu var góð kynning á ævi og störfum Sturlu Þórðarsonar og mikilvægi hans í skráningu sögu Íslands og Noregs. Þá má nefna samstarf við Háskóla Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og fleiri aðila. Þá hefur og verið lagður góður grunnur að áframhaldandi verkefnum.



Kostnaðaryfirlit vegna Sturlúpings

Tekjur

Framlag Dalabyggðar	800.000	
Minjagripasala	57.000	
Styrkur frá Menningarráði	500.000	

Gjöld

Undirbúningsnefnd og starfsmenn	360.000	
Kynningar og auglýsingar	281.710	
Húsaleiga og veitingar	156.100	
Aðkeypt dagskrá	296.000	
Minjagripir	54.216	
Samtals	1.357.000	1.148.026
Mismunur til 2015	208.974	
Alls	1.357.000	1.357.000

Opnunartímar og aðsókn

Byggðasafn Dalamanna var opið daglega frá 1. júní til 31. ágúst, kl. 13-18. Utan þess tíma var opið eftir samkomulagi.

Alls eru skráðir 758 gestir á safnið, 565 (74,5%) fullorðnir og 193 börn (25,5%).

Erlendir ferðamenn voru 44 (%), ekki var talið millum fullorðina og barna. Þeir sem vitað er um þjóðerni, komu frá Austurríki, Ástralíu, Bandaríkjum Norður-Ameríku, Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Japan, Kanada, Noregi, Spáni, Svíþjóð og Þýskalandi.

Tveir skólahópar komu á árinu, frá Hjallaskóli og Grunnskólanum á Hólmavík, alls 63 börn. Einn sjálfstæður ferðahópur kom með 38 gesti, en engir hópar á vegum ferðaskrifstofa. Engir erlendir ferðamenn komu í skipulögðum hópum. Gestir á viðburði á vegum safnsins voru 121, þar af 12 börn.

Rannsóknir og þekkingaöflun

Vegna mikillar vinnu við endurbætur og uppsetningu sýninga gafst ekki mikill tími til rannsókna og þekkingaöflunar. Hefðbundin upplýsingaöflun tengd munum og eigendum þeirra, heimildavinna tengd sögustundum og viðburðum á safninu. Undirbúningsvinna vegna sýningarinnar *Dagbækur af Skarðsströnd*, sem verður sett upp árin 2015/2016. Þá voru birtar 124 ljósmyndir af óþekktum andlitum úr ljósmyndasafni til greiningar. Sólveig Guðmundsdóttir Beck jarðfornleifafræðingur kom og skoðaði kvarnar- og myllusteina á safninu í tengslum við doktorsverkefni.

Kvarnasteinar

Sólveig Guðmundsdóttir Beck jarðfornleifafræðingur -doktorsverkefni um íslenska kvarnar- og myllusteina. Skráðar grunnupplýsingar um kvarnasteinana (stærð, þykkt ofl.), greind bergtegund, ljósmyndaðir og teiknaðir upp.

Kvarnasteinar á safninu

- A 1130 Kvarnarsteinar (2) frá Laugum í Sælingsdal. Finnandi Magnús Gestsson safnvörður 1976.
- A 1229 Myllusteinar (2) úr vatnsmyllu er var á Laugum í Hvammssveit í lindalæk suður undan Hólunum (framhlaup úr fjallinu). Finnandi Magnús Gestsson safnvörður, án ártals (1980).
- B 2004-10-5 Úr einkasafni Herbergs Kristjánssonar frá Nýp. Uppruni óþekktur (Dalir/Mosfellssveit)
- B 2004-10-6 Úr einkasafni Herbergs Kristjánssonar frá Nýp. Uppruni óþekktur (Dalir/Mosfellssveit)
- B 2012-5-1 Kvarnarsteinn sagður frá Skarði á Skarðsströnd úr tíð Ólafar ríku. Stenst ekki miðað við aldur steinsins. Gef. Helgi Thorvaldsson 2012.



Mat á starfsemi

Sem fyrri ár þóttu ekki forsendur til að gera skipulagðar skriflegar skoðanakannanir á árinu. En þess gætt að gefa safngestum gott tækifæri til að tjá sig um safnið og sýningar þess. En sem fyrr var menntun safnstjóra um atferli búfjár nýtt til að fylgjast með hvernig gestir safnsins fóru um safnið, skoðuðu það og upplifðu. Þær upplýsingar eru síðan notaðar til að bæta sýningarnar eftir því sem unnt er.

Annað

Um viðburði tengda afmæli Sturlu Þórðarsonar sá sérstök nefnd og aðkoma safnvarðar að því var lítil, en mun aftur á móti koma að eftirfylgni við verkefnið.

Þá sat safnvörður fundi Menningar- og ferðamálanefndar Dalabyggðar og sameiginlega fundi safna, setra og sýninga á Vesturlandi.

Einnig hefur safnvörður komið að ýmsum verkefnum tengdum ferðaþjónustu í Dölum, yfirlestur og svörun erinda þar að lútandi.